# Foldaskóli 2025-2026 - 9. bekkur

**Kennsluáætlun – Samfélagsfræði**

**Kennarar:**
Guðný Þorsteinsdóttir gudny.thorsteinsdottir@reykjavik.is
Hulda María Magnúsdóttir hulda.maria.magnusdottir@reykjavik.is
Kenndar eru 2 stundir á viku

**Námsefni:**

- *Styrjaldir og kreppa - Saga 20. aldar I*
- *Frelsi og velferð - Saga 20. aldar II*
- Kvikmynd
- Valið efni eftir því sem við á

**Námsmat:** Í Foldaskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Unnið er út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla (2011). Nemendur í 8. - 10. bekk fá árangur sinn metinn á bókstafakvarða sem endurspeglar þá vinnu sem þeir hafa unnið jafnt og þétt yfir skólaárið. Í náms- og kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar hverri námsgrein. Í Mentor er hægt að fylgjast með framvindu námsins í verkefnabók nemenda. Ætlast er til að nemendur mæti tímanlega í kennslustund með öll gögn. Mikilvægt er að nemendur virði vinnufrið og geri ætíð sitt besta.
Athugið að áætlun getur tekið breytingum yfir veturinn

# Haustönn

| **Hæfniviðmið – Að nemandi geti:** | **Lotur - viðfangsefni** | **Námsmat** |
|---|---|---|
| • Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum<br>• Áttað sig á hvernig sagan hefur mótast af samfélagsskipulagi og hugmyndastefnum | **Ágúst/september**<br>*Styrjaldir og kreppa*<br>• Velmegun og heimskreppa<br>*Kvikmynd*<br>• The Great Gatsby | Einstaklingsverkefni unnið skriflega út frá efni kvikmyndarinnar |

| | | |
|---|---|---|
| <ul><li>Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum</li><li>Greint frá upphafi, orsökum, þróun og afleiðingum fyrri og seinni heimsstyrjaldar</li><li>Borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.</li><li>Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda og vitnað í þær með réttum hætti máli sínu til stuðnings.</li></ul> | **Október/nóvember**<br>*Styrjaldir og kreppa*<ul><li>Allt vald til foringjans</li><li>Stríðið sem kom illa við alla</li></ul> | Gagnapróf (einstaklingsverkefni) |
| <ul><li>Fjallað um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins.</li><li>Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum</li><li>Rökrætt þróun íslensks þjóðfélags í ljósi innlendra og alþjóðlegra áhrifaþátta.</li><li>Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks.</li></ul> | **Desember**<br>*Styrjaldir og kreppa*<ul><li>Líf í hernumdum löndum</li><li>Tími uppgjörsins</li></ul> | Hernámið á Íslandi (para-/hópverkefni):<br>Nemendur vinna verkefni tengt setu erlends herliðs á Íslandi |

| **Hæfniviðmið – Að nemandi geti:** | **Lotur - viðfangsefni** | **Námsmat** |
| --- | --- | --- |
| • aflað sér, hagnýtt og ígrundað upplýsingar, vegið þær og metið og komið þekkingu sinni á framfæri með markvissum hætti<br>• sýnt frumkvæði og virkni í samstarfi við aðra<br>• Greint hvernig stjórnmál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga | **Janúar/febrúar**<br>*Frelsi og velferð*<br>• Kalda stríðið | Veggspjald (para-/hópverkefni): Nemendur kynna viðfangsefni í rituðu máli og myndum |
| Geta sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðaþróunar. | **Febrúar/mars**<br>*Frelsi og velferð*<br>• Smáþjóð í hörðum heimi | Próf úr efni kaflans |
| • Sýnt fram á þekkingu og sýn á tímabil, atburði, persónur og menningartengsl<br>• Greint afmarkaða efnisþætti stórrar eða smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar | **Mars/apríl**<br>*Frelsi og velferð*<br>• Deilur í Mið-Austurlöndum<br>• Sjálfstæðisbarátta í nýlendunum | Glærukynning (para- eða hópverkefni) |

**Vorönn**

| Hæfniviðmið – Að nemandi geti: | Lotur - viðfangsefni | Námsmat |
|---|---|---|
| • Sýnt frumkvæði og virkni í samstarfi við aðra<br>• Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum<br>• Rökrætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi, skyldur og sýnt ábyrgð í samskiptum og umgengni.<br>• Aflað sér, hagnýtt og ígrundað upplýsingar, vegið þær og metið og komið þekkingu sinni á framfæri með markvissum hætti.<br>• Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum. | **Apríl/maí**<br>*Frelsi og velferð*<br>• Sameining og klofningur í Evrópu | ?<br><br>Hvaða verkefni á að vera her?<br><br>Eigum við að endurhugsa?<br><br>Kaflinn er svolítið tvískiptur - annars vegar Evrópusamvinna og hins vegar Júgóslavíumál.<br><br>Getur eitt verkefni dekkað bæði efnin?<br><br>Gæti verið gaman að hafa skapandi verkefni eins og stuttmynd, heimildarmynd, podcast, viðtöl, handrit að tölvuleik, úr amk seinni hlutanum. Gæti t.d. verið sett fram sem frétt um ákveðið mál eins og umsátrið um Sarajevo<br><br>Kannski er auðveldara að tækla evrópusamvinnuna með annarskonar verkefnum - kannski rökrræðum um hvort ísland eigi að vera í ESB eða ekki?<br><br>Gæti líka verið þannig að hver hópur fær eitt land og á að kynna sér kosti og galla sambandsins fyrir það land og halda svo kynningu á því. Gæti jafnvel verið sett sem einhverskonar hlutverkaleikur, þau eru í |

| | | |
|---|---|---|
| | | hlutverki leiðtoga hvers lands. |
| <ul><li>sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf,</li><li>greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum</li><li>gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun</li><li>fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður</li></ul> | **Maí**<br>*Um víða veröld - Jörðin*<br>● | Þemaverkefni<br><br>Þetta er verkefnið sem á að vera hér er það ekki?<br><br>https://docs.google.com/document/d/1mwk-8gUWqVbR3gWbQDI45HorWmwsr2Zr/edit?usp=sharing&ouid=104925757537333251656&rtpof=true&sd=true |